

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag Glerárgils neðra og Glerárvirkjunar, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 16. nóvember 2004 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag fyrir Glerárgil milli Bandagerðisbrúar og brúar á Borgarbraut.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir endurreisn Glerárvirkjunar með tilheyrandi þrýstipípu, stöðvarhúsi og öðrum mannvirkjum. Afmörkuð er lóð fyrir íbúðarhúsið Sólvang, með byggingarreit fyrir núverandi hús og nýjan bílskúr.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

*Akureyri, 26. nóvember 2004.*

F.h. Akureyrarbæjar,

**Bjarni Reykjalín**, skipulags- og byggingarfulltrúi.